



Fundargerð

522. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 28. ágúst 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason var fjarverandi en í staðin sat fundinn Elín Heiða Valsdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir var fjarverandi en í staðin sat fundinn Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 9.00

Oddviti lagði til að nýr dagskrárliður yrði settur á dagskrá sem ber heitið Kosning í fastanefndir skv. 41. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 923/2024 og yrði mál númer sautján (17) á dagskrá fundarins. Tillaga oddvita var samþykkt í einu hljóði.

Fundargerðir:

1. 2508001F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 9

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs frá 25. ágúst 2025.

1.1 2502007 - Hrífunes-Breyting á fjárhúsi í gistihús-fyrirspurn um byggingaráform

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 9

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þegar fyrir liggur samþykkt aðalskipulag.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

1.2 2508003 - Sjónarhóll deiliskipulag

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 9

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þegar fyrir liggur samþykkt aðalskipulag

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.



1.3 2508004 - Heiðarsel deiliskipulag

Niðurstaða Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 9

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þegar fyrir liggur samþykkt aðalskipulag.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfissráðs.

1.4 2508005 - Fyrirspurn um lóð undir hleðslustöð

Niðurstaða Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 9

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við sveitarstjórn að sveitarstjóra verði falið að vinna málið áfram.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfissráðs.

2. **2508007 - Ungmennaráð Skaftárhrepps**

Lögð fram fundargerð 5. fundar Ungmennaráðs Skaftárhrepps, frá 2. júlí 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **2508019 - Fjallskilanefnd Austursíðu afréttar**

Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Austursíðu afréttar, frá 13. ágúst 2025 ásamt fjallskilaseðli 2025.

Fundargerð og fjallskilaseðill lögð fram til kynningar.

4. **2508020 - Fjallskilanefnd Álftaversafréttar**

Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Álftaversafréttar, frá 25. ágúst 2025 ásamt fjallskilaseðli 2025.

Fundargerð og fjallskilaseðill lögð fram til kynningar.

5. **2508008 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga**

Lögð fram fundargerð 623. fundar stjórnar SASS, frá 6. júní 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **2508009 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga**

Lögð fram fundargerð 624. fundar stjórnar SASS, frá 27. júní 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



7. **2508011 - Arnardrangur hses.**

Lögð fram fundargerð 24. stjórnarfundar Arnardrangs hses., frá 23. júní 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. **2508006 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands**

Lögð fram fundargerð 246. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, frá 12. ágúst 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

9. **2504018 - Erindi frá oddvita**

Sveitarstjóri lagði fram skriflegt svar við skriflegri fyrirspurn oddvita frá 518. fundi sveitarstjórnar vegna landskipta á Kirkjubæjarklaustri. Við yfirferð gagna er það niðurstaða sveitarstjóra að á þeim tíma sem þessi landskipti hafa verið í gangi, hefur niðurstaðan verið sú að hagsmunir sveitarfélagsins í þessu ferli hafa verið fyrir borð borin. Svo vekur það furðu að sveitarfélagið hafi ekki fengið lóðir í þessum landskiptum fyrir starfsemi sveitarfélagsins sem dæmi, Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar og leikskólinn Kæríbær. Jafnframt vekur það furðu að ekkert byggingaland hafi í raun komið í hlut Skaftárhrepps við þessi landskipti.

Sjá má nánar um málið í fundargögnum.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði að kostnaður sem fallið hefur á sveitarfélagið vegna landskiptana verði skipt hlutfallslega á milli landeigenda.

10. **2508010 - Áhugamannafélag Miðpartsmanna**

Lagt fram bréf, dagsett, 12. ágúst 2025, þar sem Áhugamannafélag Miðpartsmanna óskar eftir að gerður verði samningur um að félagið taki gamla Blágilja húsið í fóstur og geri það upp.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði að Áhugamannafélag Miðpartsmanna taki að sér gamla húsið í Blágiljum og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi þess efnis.



11. **2508013 - Gjaldskrár**

Oddviti gerði grein fyrir málinu.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að Velferðarráð taki til skoðunar eftirfarandi gjaldskrár fyrir: Félagsheimilið Kirkjuhvol, leikskóla, mótuneyti Skaftárhrepps, íþróttamannvirki (sundlaug - íþróttahús) og Tónlistarskóla Skaftárhrepps.

Oddviti lagði til að fundinum yrði lokað undir lið 12. Var sú tillaga samþykkt í einu hljóði.

12. **2508012 - Starfsmannamál**

Rætt um ráðningu Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og forstöðumanns íþróttamannvirkja sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði að ráða Stefán Guðjónsson í stöðu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og sem forstöðumann íþróttamannvirkja til átján mánaða.

13. **2508014 - Málefni Ytri-Skóga**

Vegna bókunar Byggðaráðs Rangárþings eystra, þann 21. ágúst 2025, þar sem fjallað var um hækkun tekna vegna bílastæða við Skóga og breytt skipulag við Skógaskóla, samþykkir sveitarstjórn Skaftárhrepps eftirfarandi í einu hljóði:

Sveitarstjórn Skaftárhrepps óskar eftir sundurliðun á kostnaði og tekjum sem Rangárþing eystra hefur bókað í reiknisskilum sínum árin 2024 og 2025, vegna bifreiðastæða við Skógafoss. Er þess óskað að þessi sundurliðun sé unnin af endurskoðanda Rangárþings eystra og send Skaftárhreppi eigi síðar en 15. september næstkomandi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að senda Rangárþingi eystra reikning að upphæð 9.954.000 krónur sem er hlutdeild Skaftárhrepps í þeim 42 milljónum sem Byggðaráð Rangárþings eystra bókaði sem aukið handbært fé vegna afkomu bifreiðastæða á árinu 2025.

Jafnframt felur sveitarstjórn Skaftárhrepps, lögmanni sveitarfélagsins að gæta hagsmuna sveitarfélagsins vegna þeirrar tillögu að breyttu deiliskipulagi við Skógaskóla sem Byggðaráð Rangárþings eystra hefur samþykkt.



14. **2508017 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi**

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 11. ágúst 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis I-14. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-G íbúðir. Staðsetning gististaðarins er Efri-Ey 2

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

15. **2508016 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi**

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 18. ágúst 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis SJ 14 ehf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Miðbær (Efri-Ey).

Sveitarstjórn samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

16. **2508018 - Skólaakstur**

Málefni vegna skólaaksturs voru rædd.



17. **2508021 - Kosning í fastanefndir skv. 41. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 923 frá 2024**

Fyrir liggur tillaga um að Katrín Gunnarsdóttir verði skipuð sem aðalmaður í Velferðarráð í stað Sólveigar Ólafsdóttur sem hættir.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: *Samkvæmt k. lið Atkvæðagreiðsla, 16. greinar Samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps 923/2024 er heimilt að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.*

Í þessu tilfelli óska ég sem oddviti sveitarstjórnar eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir því að beita þessari heimild í samþykktunum.


Tillaga oddvita var samþykkt í einu hljóði.

Atkvæðagreiðsla um kosningu í Velferðarráð, fór þannig að nei sögðu þrír (3), já sagði einn (1), auður seðlill var einn (1).

Var tillagan felld með þremur atkvæðum.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 11:32.


Jóhannes Gissurarson


Elín Heiða Valsdóttir


Gunnar Pétur Sigmundsson


Arna Guðbjörg Matthíasdóttir


Ión Hrafn Karlsson